

Brothættar byggðir í Hrísey og Grímsey

Aðkoma Akureyrarbæjar – helstu punktar

Minnisblað verkefnastjóra í mars 2018

1. Samskipti

- Betri kynning á Brothættum byggðum innan stjórnslu Akureyrarbæjar.
- Tíðari og betur skipulagðar heimsóknir kjörinna fulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins til Hríseyjar og Grímseyjar.
- Efla Hverfisráðin sem millilið í stjórnslunni. Kynna þau og tilgang þeirra betur fyrir íbúum.

1. Markaðssetning

- Hrísey og Grímsey verði betur kynntar sem búsetusvæði til að laða að nýja íbúa.
- Hrísey og Grímsey verði betur markaðssettar sem góður viðkomustaður ferðamanna með sérstöðu eyjanna í fyrirrúmi.

2. Samgöngur

- Unnin verði kostnaðar- og nytjagreining á hagkvæmni þess að gera Hríseyjarferjuna alveg gjaldfrjálsa.
- Unnið verði í að fá meiri niðurgreiðslur á fargjöldum með Grímseyjarferjunni, sérstaklega til íbúa í Grímsey.
- Lækkun flutningsgjalda til eyjanna tveggja.
- Þrýst verði á það að tengja almenningsamgöngur í landi við áætlanir ferjanna að einhverju leiti.

3. Umhverfis- og skipulagsmál

- Sjálfbærari orkulausnir í Grímsey. Þrýsta á stjórnvöld um að marka stefnu í orkumálum Grímseyinga og vinna að lausnum í samstarfi við sveitarfélagið.
- Fráveitumál í Grímsey.
- Gera áætlun um eyðingu ágengra plantna og umhirðu á túnum í Hrísey og framfylgja henni. Smíða skýli utan um ruslatunnu- og gámastöðvar á nokkrum stöðum úti í hverfunum í Hrísey.
- Hreinsunaráttak í Grímsey. Bílhræ, brotajárn og plast.
- Umhverfi hafnarinnar í Grímsey. Fegrunarátak og gönguleið fyrir gesti upp í „bæ“.
- Öryggismál á höfnunum öllum fjórum. Bæta þarf allar merkingar og aðgreina betur athafnasvæði bíla og lyftara frá gangandi umferð.

4. Innviðir ferðaþjónustu

- Vinna þarf heildstæða stefnumótun fyrir móttöku ferðamanna í Grímsey.
- Lagfæringar á tjaldsvæði við Múla. Rafmagnstengingum, lýsingu og annarri aðstöðu er mjög ábótavant.
- Salerni á höfnina fyrir ferðamenn, m.a. þá sem koma með skemmtiferðaskipum.
- Stígagerð og upplýsingaskilti í Grímsey.

- e. Aðstaða til fuglaskoðunar á bjargfugli í Grímsey. Vinna þarf staðarvalsgreiningu og í kjölfarið láta hana flotta og örugga fuglaskoðunaraðstöðu.
- f. Klára áningarstað við Háborðið í Hrísey. Hlaða vegg og setja upp skilti.
- g. Klára göngustíga og skiltauppsetningu í Hrísey.
- h. Vinna að umhverfi hafnar- og miðsvæðis í Hrísey samkvæmt samþykktu deiliskipulagi.

5. Húsnæðismál

- a. Leiguverð á húsnæði sveitarfélagsins í eyjunum taki mið af aðstæðum/markaðnum á staðnum en ekki fastri gjaldskrá fyrir allt sveitarfélagið.
- b. Viðhald og breytingar á húsnæði Grímseyjarskóla/Múla.
- c. Betri markaðssetning og nýting á íþróttahúsinu í Hrísey fyrir allskyns viðburði og fundi. Sá búnaður sem vantar í húsið verði keyptur svo það nýtist til fulls.
- d. Fundið verði framtíðarhúsnæði undir starfsemi slökkviliðs og björgunarsveitar í Hrísey.

6. Skólamál

- a. Samstarf Hríseyjar- og Grímseyjarskóla fest í sessi og styrkt, einnig samstarf þeirra við Oddeyrarskóla
- b. Tómsundum fjölgað með samvinnu/heimsóknum í aðra skóla eða með hjálp tölvutækninnar.
- c. Gjaldfrjáls leikskóli í eyjunum sem tímabundin aðgerð til að efla byggðirnar og hvetja ungt fólk til að setjast þar að.
- d. Skóli upp í 10. bekk í Grímsey fyrir þá sem vilja. Passa þarf að þesi möguleiki sé til staðar jafnvel þó eftirspurn sé kannski ekki mikil fyrst.

7. Samfélagsmál

- a. Athugun gerð á þörf fyrir heimaþjónustu, matarsendingar og aðra þjónustu meðal eldri borgara í Hrísey. Þörfin kortlögð fram í tímann.
- b. Fýsileiki þess að koma á fót dvalarheimili í Hlein í Hrísey verði athugaður af fullri alvöru.
- c. Fjarþjónusta efla á sviði félags- og heilbrigðisþjónustu, td. talmeinafræðingar, sálfræðingar og félagsþjónustan.

HÍ 19.03.2018